




## Gufunes - Endurnýjun á starfsleyfi Moldarblöndunnar – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa /USK24050343

Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 24. maí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Moldarblöndunnar Gæðamoldar ehf. um tímabundna endurnýjun á starfsleyfi fyrir móttöku á úrgangi til endurvinnslu þ.e. móttöku á garðaúrgangi til endurvinnslu og móttöku á mold til endurvinnslu. Heilbrigðiseftirlitið hefur unnið tillögu að starfsleyfi þar sem gert er ráð fyrir að gildistími verði til 30. október 2026. Óskað er umsagnar skipulagsfulltrúa um hvort starfsemin sé í samræmi við skipulag og afstöðu til gildistíma starfsleyfis.



Hugmyndasamkeppni



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040  
Loftmynd



### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir svæðið OP8 Gufunes. Borgargarður. Innan borgargarða er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundiðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum. Samfélagsstofnanir geta verið heimilar, skv. ákvörðun í deiliskipulagi. Samkvæmt Aðalskipulagi liggur stofnstígur í gegnum svæðið.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið.

### Umsögn

Núverandi starfsemi er ekki beint í samræmi við landnotkun í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Svæðið er skilgreint sem borgargarður þar sem gert er ráð fyrir útivist og frístundiðkun.

Hugmyndasamkeppni um Gufunes var haldin árið 2016. Ákveðið hefur verið að vinningstillagan úr þeirri hugmyndasamkeppni, sem gerir ráð fyrir blandaðri byggð, verði höfð sem grunnur fyrir 1.áfangi að deiliskipulagi Gufunessvæðisins, en gert er ráð fyrir að svæðið í heild verði skipulagt í nokkrum áföngum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær opna svæðið verður skipulagt í heild, en gera má ráð fyrir að ekki sé langt í það.

Þegar sótt var um starfsleyfi í lok 2017 var það lagt til að hálfu skipulagsfulltrúa að starfsemin fengi að vera á svæðinu í 5 ár. Eftir það yrði Gæðamold ekki leyfilegt að jarðgera lengur á núverandi stað á Gufunesi. Þar sem enn liggur ekki fyrir skipulag fyrir svæðið, getur Gæðamold fengið að halda áfram starfsemi á svæðinu næstu tvö árin, eftir það verður að endurskoða hvort starfsemin fái að vera áfram á svæðinu.

## Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við áframhaldandi starfsemi, takmarkað við tvö ár eða út árið 2026.

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Hrönn Valdimarsdóttir, verkefnastjóri